



Reglur um bifreiðanotkun

1. gr.

Framkvæmda- umhverfis og veitusvið Fjarðabyggðar hefur yfirumsjón með bifreiðacign bæjarins eftir því sem nánar segir í reglum þessum. Kaup eða rekstrarleiga á bifreiðum skal eiga sér stað að fengnu samþykki sviðsstjóra framkvæmda- umhverfis- og veitusviðs.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum Fjarðabyggðar gilda um bifreiðar í eigu og umsjón bæjarins.

3. gr.

Fjarðabyggð kaupir bifreiðar eða tekur á rekstrarleigu, til að sinna verkefnum stofnana bæjarins. Slíkar bifreiðar skulu greinilega merktar Fjarðabyggð. Að loknum starfsdegi skulu bifreiðarnar Fjarðabyggðar skildar eftir við starfsstöð.

4. gr.

Starfsmanni er heimilt að staðsetja bifreið við heimili sitt ef um er að ræða kvöð vegna starfs. Kvöðin þarf að vera skilgreind og er heimild veitt af yfirmanni.

Kvaðir sem skuldbinda starfsmann þurfa að falla undir ákvæði skattalaga og reglugerða vegna meðferðar á hlunnindum og ber að haga skattalegri meðferð eftir reglum Ríkisskattstjóra.

5.gr.

Starfsmanni er ekki heimilt að nýta bifreiðar til einkanota. Yfirmaður getur heimilað takmörkuð einkanot bifreiða og slík not þurfa að vera málefnaleg og í undantekningartilvikum. Fjarðabyggð er dreift sveitarfélag sem getur leitt af sér tilfallandi notkun bifreiða á leið að og frá vinnustað.

6.gr.

Bifreið sem starfsmaður hefur til afnota vegna starfs síns er á hans ábyrgð og ber honum að gæta að viðhaldi og umhirðu hans. Ber starfsmanni að fylgia leiðbeiningum um viðhald og umhirðu og skrá rekstrarkostnað. Bifreiðar sveitarfélagsins ber að nýta vel og í því sambandi að samnýta þær til ferða.

7.gr.

Stjórnandi hefur heimild til að breyta skipulagi á nýtingu bifreiða og afnotum starfsmanna að bifreiðum án fyrirvara. Sé brotið gegn reglunum falla heimildir fyrir bifreiðaafnotum niður.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018

Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.

